



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Reynisholt

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat.....	5
2.1 Bjartilundur.....	5
2.2 Geislalundur	7
2.3 Sunnulundur	9
2.4 Stjörnulundur	12
3 Ytra mat	15
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	16
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	17
6 Foreldrasamvinna.....	17
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	18
8 Fylgigögn.....	18
8.1 Fylgiskjal 1 – Dagskrá samstarfs við grunnskóla.....	18
8.2 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs	20



Leiðarljós leikskólans:

Lífsleikninám með sérstaka áherslu á jóga með börnum, umhverfismennt, útikennslu og bernskulæsi.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn vinnur með lífsleikni í leikskólastarfi með sérstakri áherslu á jóga með börnum, umhverfismennt, útikennslu og bernskulæsi. Leikskólinn flaggar Grænfánanum og hefur fjórum sinnum fengið Grænfánann, í fyrsta skiptið 2010.

Pennan vetur var áhersla lögð á að vinna að eflingu félagsfærni og eflingu lærdómssamfélags. Vorum við þátttakendur í samvinnuverkefni við þrjá leikskóla og RannUng í B-hluta menntastefnunnar og í A-hluta var áherslan einnig á félagsfærni og fagmennsku. Skipulagsdagar og fræðsla einkenndist því mikið af samvinnu og umræðu um félagsfærni, skráningum og úrvinnslu þeirra, bæði hér í leikskólanum sem og með stuðningi frá RannUng. Það verkefni heldur áfram næsta vetur. Áhersla var á að efla starfsmenn í skráningum og hæfni í að greina félagshæfni barna. Niðurstöður úr viðhorfskönnun gefa til kynna að þættirnir markmið og árangur, fræðsla og þjálfun ásamt tilgangur standi vel sem gefa til kynna að starfsfólk sé meðvitað um starf sitt og að vel hafi tekist með fræðslu. Einnig jukust skráningar og umræður um þær á þessum vetri.



Á skipulagsdögum hefur einnig verið unnið að skipulagi vetrarstarfsins og endurmati, kynningu fyrir starfsfólk á áherslum leikskólans, fræðslu um liðsheild og samskipti, félagsfærni og vináttu, skráningar og svo tóku allir þátt í leikskólaráðstefnunni.

Seinnihluti vetrar einkenndist af mikilli skipulagsvinnu og samstöðu í starfsmannahópnum á tímum verkfalls og heimsfaraldurs. Margt lærðist á þessum tímum og erum við samheldnari hópur sem er óhræddur við að leita lausna í sameiningu fyrir vikið.

Innan leikskólans hefur ætíð verið sterkur faglegur hópur og vildum við ná að virkja alla starfsmenn í anda lærdómssamfélags. Oftast var unnið með allan starfsmannahópinn bæði á skipulagsdögum, á teymisfundum sem og deildarfundum. Við nýttum okkur Workplace til að efla upplýsingastreymi til starfsmanna og hvöttum starfsmenn til að koma með og framkvæma hugmyndir. Þetta reyndist vel enda náðum við að halda góðum dampi með alla fundi fyrir áramót. Leiðir voru fundnar til að tryggja góða leiðsögn nýrra starfsmanna og fengu allir nýir starfsmenn kynningarbækling sendan heim áður en þeir hófu störf. Þetta skilaði sér í öruggari og virkari starfsfólki. Við munum halda áfram þessari vinnu næsta vetur til að efla lærdómssamfélag innan skólans sem og að leita út fyrir skólann í samstarfi við leikskóla sem eru þátttakendur í RannUng verkefninu. Helstu niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna var að margir þessa þátta stóðu í stað en upplýsingaflæði og móttaka nýliða lækkaði. Því þurfum við að efla þá þætti á næsta ári.

Megináherslur næsta vetur verða því að vinna með fagmennsku kennara í lærdómssamfélagi, mynda sameiginlega sýn á sjálfseflingu, fara dýpra í skráningar á leik barna, auka upplýsingaflæði og tryggja að starfsmenn fái viðurkenningu fyrir góð störf ásamt því að vinna með megináherslur okkar, lífsleikni, læsi og umhverfismennt.



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Stjórnun	Að skapa sameignlega sýn á sjálfseflingu	Skipulagdagar nýttir til stefnumótunar með þátttöku allra starfsmanna	Allur veturinn	Stjórnendur	Hópavinna, samtal, samstarf og stuðningur	Niðurstöður úr viðhorfskönnun
Mannauður 	Að efla lærdómssamfélag	Samvinna milli deilda, teymisfundir og samvinna við aðra skóla í RannUng verkefni	Allan veturinn	Stjórnendur	Teymisfundir, starfsmannaf., orðræðan einkennist af jákvæðu viðhorfi til breytinga	Starfsmenn sýni meira frumkvæði og niðurstöður viðhorfskönnunar
	Að efla hæfni nýrra starfsmanna	Kynningarbæklingur sendur áður en starfsmaður hefur störf og viðtöl við deildarstjóra í 2. og 4. viku	Þegar nýr starfsmaður hefur störf	Stjórnendur	Yfirfara skráningar í móttökuáætlun og um áramót og páska	Allir nýir starfsmenn hafa fengið tvö leiðbeiningarviðtöl í það minnsta
Leikskóla- bragur	Að skapa jákvætt og styðjandi andrúmsloft	Stuðningur við starfsmenn, skemmtanir og verkefni við hæfi	Allan veturinn	Allir starfsmenn, sérstaklega reyndari	Teymisfundir, deildarfundir, starfsmannaf	Niðurstöður viðhorfskönnunar
Stefnu- mótun 	Að endurskoða námskrá út frá vinnu síðasta veturs	Skipulagdagar/starfsmannafundir nýttir til stefnumótunar með þátttöku allra starfsmanna	Allur veturinn	Stjórnendur	Hópavinna, samtal, samstarf og stuðningur	Ný námskrá tekur gildi vorið 2021
	Að nýta skráningar til að styrkja sjálfseflingu barna	Efla hæfni starfsmanna í skráningum	Haustönn	Deildarstjórar	Rýna saman í skráningar á deildarfundum	Fleiri skráningar á leik



2 Innra mat

2.1 Bjartilundur

Á Bjartalundi veturinn 2019 – 2020 dvöldu 16 börn fædd 2017 og alls 5 starfsmenn. Auk deildarstjóra starfaði leikskólakennari, leikskólaliði, starfsmaður og þroskaþjálfari sem sinnti stuðningi á barni á deildinni. Faglega starfið gekk vel þó verkfall Eflingarstarfsmanna og Covid röskun á skólastarfi hafi sett sitt strik í reikninginn. Unnin voru þrjú þemaverkefni, eitt um söguna um Grísina þrjá, eitt um Krumma og eitt um krókódila. Í þeim þemaverkefnum var fléttað saman fræðslu, söng, sögum og listsköpun auk þess sem börnunum var boðið að leika með efnivið tengdan þemunum.

Þau markmið sem sett voru náðust að flestu leyti. Jógað gekk vel og er kominn vísir að stundum sem starfsfólk getur gripið í. Lestur bóka gekk vel og var unnið markvisst með sögur og málörvun. Sú vinna heldur áfram næsta vetur. Að gefa leiknum rými og athygli gekk mjög vel og verður haldið á sömu braut næsta vetur ásamt því að festa skráningar á leiknum betur í sessi. Einstaklingsnálgunin gekk upp og ofan. Ákveðið var að byrja að innleiða *Tákn með tali* sem gekk vel fyrir áramót en síður eftir áramót.

Við innleiðingu verkefnisins *Félagsfærni út í lífið* var áhersla lögð á skráningar og leik barna. Könnunarleikurinn hélt áfram frá fyrri vetri og skráði starfsmaður þær stundir sem gáfu mikla innsýn í samskipti og leikþroska barnanna. Einnig sinntu starfsmenn uppeldisfræðilegum skráningum í frjálsum leik og prófuðu sig áfram með þær aðferðir sem hentuðu þeim best. Ákveðið var að ræða skráningarnar á deildarfundum en þeir féllu niður eftir áramót. Það verður því unnið áfram með skráningar næsta vetur.

Jóga var áberandi á deildinni í daglegu starfi og einnig í skipulögðum stundum. Gerðar voru öndunaræfingar við matarboðið og í samverustundum sem dæmi en einnig sáu tveir starfsmenn um jógastundir. Í öðrum var lögð áhersla á snertingu, öndun og kyrrð en í hinum var farið eftir Child Play Yoga hugmyndafræðinni sem byggir á því að flétta saman söng og stöður í jóganu ásamt núvitund og kyrrðaræfingum.

Í læsi var unnið með Lubba, Sögugrunninn og orðaforðapjálfun ásamt fjölbreyttum bókalestri og sögum. Lubbi kom með hljóð allra barnanna fyrir áramót og eftir áramót var unnið markvisst með fyrstu sex hljóðin í Lubba bókinni. Hengdar voru upp myndir af orðum sem höfðu hljóðið sem fyrsta hljóð og einnig var safnað saman í poka hlutum sem byrjuðu á hljóðinu. Þekking var nýttur í samverustundir þar sem börnin drógu upp hlutinn og ný orð voru lögð inn. Þegar búið var að leggja inn hljóðið á deildinni fóru myndirnar ásamt mynd af því sem var í pöknum fram í fatalefa og foreldrar gátu rifjað upp námið með börnunum.

Á skiptiborðinu voru hengdar upp myndir undir hillurnar þar sem börnin gátu skoðað meðan skipt var á bleyju. Myndirnar voru fjölbreyttar og var einn flokkur látinn hanga í nokkrar vikur og svo skipt um. Flokkarnir voru meðal annars húsdýr, villt dýr, útivera, jól, matur og farartæki.

Bókalestur var áberandi í frjálsum leik en einnig var unnið með sögur á fjölbreyttan hátt og lögðu starfsmenn áherslu á að nota alls kyns orð markvisst sem komu fyrir í sögunum. Fyrir áramót var unnið með grísina þrjá og lögð inn stærðarhugtök og talningu. Eftir áramót var sagan af Pétri og úlfinum mjög áberandi að frumkvæði barnanna og þau sóttu mjög í að hlusta og fræðast um söguna.



Þar kemur til dæmis fram orðið *að þræta* sem starfsmenn lögðu inn hjá börnunum. Einnig voru gerðar bækur sem einfalt er að lesa í sögustund þar sem myndirnar eru plastaðar og kennarinn les söguna aftan á myndunum. Að auki var skellt upp bókabíó í tilefni að degi barnabókarinnar 2. apríl. Að lokum gerðu börnin sína eigin sögu í sögugrunninum bæði fyrir og eftir áramót.

Unnið var með félagsfærni á deildinni og var Blær vináttubangsi nýttur í þá vinnu. Hengdar voru upp myndir af jákvæðum samskiptum og tilfinningum sem kveikjur fyrir börnin. Aðaláherslan var þó á leikinn og að vera til staðar í leiknum og styðja við samskiptin í gegnum hann.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar á leik barna	Að starfsfólk þjálfist í að skrá leik og samskipti barna með áherslu á sjálfseflingu	Finna leiðir til að gera skráningar að eðlilegum hluta leikskóladagsins og vinna með þær á markvissan hátt	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar	Sept 2020	Maí 2021	Fjöldi skráninga ásamt fundargerðum og foreldraviðtölum	Starfsmenn deildar framkvæma skráningar á skilvirkan hátt og rýna í þær sameiginlega og tekur ákvarðanir byggðar á þeim til hagsbóta barnanna.
Lestur bóka og orðaforðaþjálfun	Að börnin efli orðaforða sinn í gegnum sögur og lestur.	Að lestrarstundir séu hluti af dagskipulaginu og lögð séu inn ný orð sem notuð eru í daglegu tali.	Sólveig ásamt öllum starfsmönnum	Sept 2020	Des 2020	Metið á deildarfundi í desember hvernig framvindan er og hvort gera þurfi breytingar	Að markvissar stundir séu sýnilegar og að unnið sé með ákveðna bók/sögu fyrir og eftir áramót.
Sjálfsefling og sjálfstæði barna	Að efla sjálfstæði barnanna og styrkja þeirra sjálfsmynd	Nýta skráningar til að efla og styrkja sjálfsmynd barnanna og sjálfstæði þeirra.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar	Sept 2020	Maí 2021	Metið með skráningum og þátttöku barna í daglegu starfi.	Að börnin fái rík tækifæri yfir daginn í að prófa sig áfram og gera á eigin spýtur. Að starfsfólk sé meðvitað um styrkleika hvers barns og vinni út frá þeim.



2.2 Geislalundur

Í vetur voru 19 börn á Geislalundi, 7 börn fædd 2015 og 12 börn fædd 2016, 12 stúlkur og 7 drengir. stöðugildi á deildinni voru rúm 3,5. Haustið byrjuðum við með að skoða náttúruna og umhverfi leikskólans, fórum í stuttar göngur í umhverfi leikskólans, unnum t.d með vatnið á ýmsan hátt. Í desember tók hefðbundið jólastarf við og eftir áramót kynntum við okkur gamla tímann, tengdum þorranum, t.d bjuggu börnin til líkan af gömlum bæ úr mjólkurfernum. Í vor höfum við farið í vettvangsferðir um nágrennið, hlustað eftir fuglum og fylgst með náttúrunni. Tengt umhverfisvernd höfum við m.a. farið með matarafganga í moltu, hengt epli í trén fyrir fuglana og unnið með verðlaust efni.

Í kyrrðarstundum hefur verið lesið, hlustað og farið í jóga. Körfur fyrir kyrrðarstundir hafa verið nýttar á heimastofu, í rjóðri var sofið á haustönn, en á vorönn hefur verið slökun með sögum og tónlist. Einn hópur hefur aðeins flakkað á svæðum í vetur, en þar hefur mikið verið lesið eða unnið með snertingu t.d að gefa sól á bakið.

Í samverustundum hefur verið sungið, lesið og farið í leiki, og þar mætti Lubbi finnur málbein einu sinni í viku. Í haust byrjuðum við þó á að vinna með reglur í samverustundum, hvar sitjum við og hvað gerum við í samverustundum, og að vori höfum við getað skipt hópnum í tvennt eftir aldri.

Í vetur hefur mikill tími farið í að vinna með félagsfærni barnanna. Við byrjuðum á að taka markvisst inn sögurnar um Bínu, vinna með orðanotkun, má ég, viltu, o.s.frv. Hvernig komast má inn í leik, hvernig leysi ég deilur, jafnvel koma með málamiðlanir og sum börnin eru farin að nýta þetta mjög vel. Samtímis hefur verið unnið með líkamsvitund og að virða mörk sín og annarra, t.d. teiknuðu börnin sig í fullri stærð og lituðu.

Í vetur hafa tveir starfsmenn á deildinni farið á námskeið með Blæ og hafa byrjað að vinna með það verkefni. Einnig hefur verið unnið með tilfinningar í vor og litir tengdir þeim.

Á vorönn fengum við kennaranema frá HÍ í þrjár vikur og hún vann með börnunum ýmis skemmtileg verkefni.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Sögugrunnur	Að nota sögu- grunninn til að dýpka nám barnanna í stærri verkefnum yfir veturinn	Ákveða verkefni í byrjun vetrar þar sem sögu- grunnurinn verður nýttur	Starfsm. deildar, deildar-stjóri ber ábyrgð á verkefninu	Haust 2020	Vor 2021	Metið í lok vetrar hvort að markmið hafi náðst	Að hvert barn eigi eina sögugrunns- skráningu eftir veturinn
Vellíðan barnanna	Huga að samsetningu barnahópsins og að starfsfólkið sé meðvitað hvað það getur gert til þess að auka vellíðan barnanna inni á deild	Gefa okkur rýmri tíma í að fylgjast með börnunum í leik. Fylgjast með samskiptum þeirra og hvað veldur vanlíðan hjá ákveðnum einstaklingum . Hvernig við getum gripið inni og hvaða verkfæri við getum gefið börnunum sem aðstoðar þau í félagslegum samskiptum	Allir starfsm. deildar	Haust 2020	Vor 2021	Metið á deildar- fundum og með leik-skráningum	Aukin vellíðan barna
Samverustundir	Gera stundirnar markvissari og skipulagðari. Leita leiða til að efla áhuga tvítýngdu barnanna á sögum og söng	Körfur með hugmyndum og tólum til að grípa áhuga barnanna aðgengilegar starfsfólki	Allir starfsm. deildar	Haust 2020	Vor 2021	Metið á deildarfundum í samræðum með starfsfólki deildarinnar	Að virkja öll börn deildarinnar í samveru- stundum og grípa áhuga þeirra



2.3 Sunnulundur

Á Sunnulundi veturinn 2019-2020 dvöldu 22 börn með fjórum starfsmönnum. Ellefu börn voru fædd 2015 og ellefu börn fædd árið 2016. Yfir veturinn var unnið að verkefnum í þemum. Um haustið var unnið með náttúruna og jólin. Um vorið var unnið með læsi með fjölbreyttum hætti. Á vorönn blómstraði útinám og voru gönguferðir tíðar. Reynislundur var betur nýttur en oft áður. Starfið um vorið endaði á vinnu með vináttu og dygðir leikskólans, þolinmæði og hugrekki ásamt útinámi. Þemavinnan gekk vel og samvinna og samræður meðal starfsfólks miklar.

Á vorönn þurfti aðlagða starfið að skerðingum vegna verkfalls Eflingarstarfsfólks á leikskólanum og síðar Covid-19 faraldrinum. Töluverð samvinna var á milli Sunnulundar og Geislalundar í allri þemavinnu á haustönn en dró úr á vorönn vegna reglna um lítið samneyti.

Kyrrðarstundir þar sem jóga og vinsamlega snerting var í forgrunni voru hluti af dagskipulagi deildarinnar. Kyrrðarstundarkörfur voru nýttar og bætt við fleiri stundum í hana. Börnin sýndu flest einlægán áhuga og tóku virkan þátt. Skipulagðar jógaústundir voru á þriðjudögum þangað til í febrúar. Eftir það voru gripin meira tækifæri á öðrum stundum til að iðka jóga, vegna verkfalls og skerðingar vegna C-19. Skráningar sýna að stundirnar voru fjölbreyttar. Stigandi í stundunum mætti vera skýrari.

Samverustundir gengu ágætlega. Lagt var uppúr því að starfsmenn sætu hjá börnunum til að auka vellíðán þeirra meðán á stundin var. Starfsmenn fundu dagamun á hvernig gekk að fanga athygli barnanna. Fjölbreyttum hugmyndum var bætt í hugmyndakörfu. Málörvunarveggur leikskólans, þar sem m.a. er að finna myndskreytt sönglög og ýmsa málörvunarleiki, var notaðar til að auka fjölbreytni sem og að spila einfalda leiki. Skráningar sýna að söngur, lestur og vísur fönguðu áhuga barnanna.

Unnið var með læsi með margvíslegum hætti. Orðaforðaþjálfun var yfir allan veturinn í fjölbreyttum þemum. Lubbi kom u.þ.b. vikulega með nýtt málhljóð. Á vorönn var vinna með málhljóðin í Lubba dýpkuð m.a. í gegnum hugarkort og innlögn á samheitum orða sem börnin þekktu s.s. dotta og garnagaul. Sögugrunnur var nýttur en Orðahljóð og Lubba bingó komst ekki á almennilegt skrið á vorönn. Lestur bóka var mikill og hefur úthald barnanna við að hlustun aukist jafnt og þétt yfir árið. Málörvun fór fram í daglegu starfi og frjálsum leik barnanna.

Útinám fór af stað fyrir í ár en oft áður. Í mars var byrjað að fara í gönguferðir u.þ.b. vikulega. Áhersla var á að börnin kynntust nærumhverfi sínu í gegnum vettvangsferðir. Skráningar sýna að börnin nutu þess að upplifa, stoppa, skoða og ræða það sem á vegi þeirra varð.

Þróunarverkefnið Félagsfærni út í lífið var hluti af öllu starfinu. Starfsfólk æfði sig að skrá leik barna með það fyrir augum að sjá getu þeirra, styrkleika og færni. Þegar barnahópar voru minni vegna skerðinga á vorönn sköpuðust kjöraðstæður til að styðja við jákvæð samskipti milli barnanna og skráningar af leik þeirra. Starfsfólk sá jákvæðar breytingar hjá mörgum barnanna þegar áreiti var minna. Leikskráningar voru mismargar eftir starfsfólki en allir lögðu sig fram við að prófa. Starfsfólk ber almennt mikla virðingu fyrir leik barnanna og er rými fyrir frjálsum leik stór hluti af dagskipulagi. Unnið var markvíst með félagsleg samskipti og tilfinningar barna í gengum þemavinnu, stuðning í leik og vináttubangsann Blæ. Starfsfólk styrktist í að fylgjast með leik, sjá námið sem þar fer fram og einkenndust samræður á deildar- og starfsmannafundum af málefnalegum umræðum um þroska, getu og áhuga barnanna ásamt því hvernig mætti styðja frekar við þau í aðstæðum sem væru þeim krefjandi.



Í kjölfar vinnunnar í vetur upplifði starfsfólkið að börnin hafi aukið færni sína í að leysa ágreininga, sýndi góða vináttu sín á milli og úthald í leik hefði aukist hjá mörgum barnanna.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Jógastundir Vinsamleg snerting	Gera stundirnar markvissari og skýrari stíganda í jógastundum. Finn fleiri stundir en kyrrðarstundir í dagskipulagi til iðkunar.	Unnið út frá niðurstöðum jóga og vinsamlegrar snertingar stundanna á fyrra ári og starfsfólk kemur sér saman um skýran stíganda og hvernig best sé að bæta auka áreynslustig og lengd stundanna. Dagskipulag skoðað með það fyrir augum að finna hagstæðari tíma til iðkunar.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar	Sept 2020	Maí 2021	Metið um áramót, hvernig stígandi í stundum er og hvernig gangi. Næstu skref tekin í kjölfar.	Gerðar eru skráningar á stundum sem eru framkvæmda. Fjöldi og innihald skráninga er merki um hvernig tókst að ná markmiðinu.
Kyrrðarstundir	Að hvert barn fái slökun með áherslu á líkamsvitund og núvitund	Lagt upp með rólegt andrúmsloft, jóga, vinsamlega snertingu, hlustað á sögur og hugleiðsluæfingar	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar	Sept 2020	Maí 2021	Metið á deildarfundum.	Aukin vellíðan barna, að börnin sýni aukna færni í að ná slökun í stutta stund.
Skráningar á leik barna	Að starfsfólk þjálfist í að skrá og meta leik barna út frá félagslegum þroska þeirra ásamt áherslu á sjálfsefningu.	Finna leiðir til að gera skráningar að eðlilegum hluta leikskóladagsins og vinna með þær á markvissan hátt	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar	Sept 2020	Maí 2021	Farið yfir skráningar á deildarfundum reglulega og þróað áfram.	Starfsmenn deildar framkvæma skráningar á skilvirkan hátt og rýna í þær sameiginlega með þroska og sjálfsmynd barnsins í huga. Teknar eru ákvarðanir byggðar á þeim til hagsbóta barnanna. Fjöldi skráninga vísending um árangur.



Sjálfsþing og sjálfstæði barna	Að efla sjálfstæði barnanna og styrkja þeirra sjálfmynd	Nýta skráningar til að efla og styrkja sjálfmynd barnanna og sjálfstæði þeirra.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar	Sept 2020	Maí 2021	Metið með skráningum og þátttöku barna í daglegu starfi.	Að börnin fái rík tækifæri yfir daginn í að prófa sig áfram og gera á eigin spýtur. Að starfsfólk sé meðvitað um styrkleika hvers barns og vinni út frá þeim.
--------------------------------	---	---	--	-----------	----------	--	---



2.4 Stjörnulundur

Á Stjörnulundi veturinn 2019 – 2020 dvöldu 26 börn fyrir áramót og 25 börn eftir áramót með fimm til sex starfsmönnum og 25% stuðningur með ákveðið barn. Tuttugu og fimm börn voru á deildinni í vetur 20 börn fædd 2014 og 5 börn fædd 2015. Við höfum unnið verkefni yfir árið tengd þeimum. Um haustið var unnið með umhverfið okkar og jólin. Um vorið var unnið með gamlatíman og náttúruna. Ferli þema tengdist mikið við læsi. Einnig vorum við með skipulagðar hreyfistundir þar sem lögð var áhersla á styrk, liðleik, jafnvægi og samhæfingu. Þemavinnan gekk vel, skilaði aukinni samvinnu og samræðu meðal starfsfólks og auknum skráningum á verkum barnanna.

Kyrrðarstundunum var lagt áherslu á jóga, stærðfræði og sögulestur. Í jóga höfum við lagt áherslu á líkamlegt, andlegt og tilfinningalegt heilbrigði, með að fara í leiki, jógastöður, æfa öndun, efla einbeiting og æfa slökun. Núvitund er að veita líðan þinni, annarra og umhverfi athygli hér og nú með kærleika og forvitni. Kyrrðarstundarkörfur nýttust vel ásamt bókum og leiðbeiningum starfsmanna sem hafa farið á jóganámskeið, sem við höfðum tiltækar með leikjum og verkfærum til að nýta í jóga og samverustundum. Í sögulestri voru lesnar stuttar- og framhaldssögur og stuðst við orðaspjall og Lubbi finnur málbeinið. Í stærðfræði var áhersla á tölustafina, talnagildi og form með söngvum, vísum verkefna blöðum og margskonar efnivið tengt stærðfræðinni.

Samverustundir gengu ágætlega. Við vorum með samverustundir í litlum og stórum hópum þar sem var lesið, farið í leiki og umræður með börnunum. Lagt var upp úr því að starfsmenn sætu hjá börnunum til að auka vellíðan þeirra meðan á stundin var.

Unnið var með læsi með margvíslegum hætti. Skráningar á sögum og myndum og hópavinnu hjá börnunum gáfu þeim tækifæri til að segja tjá sig og endur upplifa það sem þau gerðu. Börnin höfðu aðgengi að bókstöfum og orðagrundi til að efla sig í að skrifa og æfa sig í heiti stafanna. Lubbi var sýnilegur inn á deild, við sungum og lásam fyrir þau örsögur úr verkefnakassanum um Lubba.

Útinám fór af stað í mars og áhersla var á að börnin kynntust nærumhverfi sínu í gegnum vettvangsferðir. Það voru farnar ferðir að heimilum barnanna, upp á fjall, í rjóður og niður að Reynisvatni. Skráningar sýna að börnin nutu þess að upplifa, stoppa, skoða og ræða það sem á vegi þeirra varð. Reynislundurinn var mikið nýttur í vor. Það var búið til lítið rjóður, þar sem börnin gáta notað vatn og efnivið úr náttúrunni í hlutverkaleik. Börnin nutu þess virkilega að leika sér í Lundinum.

Unnið var markvisst með félagsleg samskipti og tilfinningar barnanna í gengum þemavinnu, stuðning í leik og vináttubangsann Blæ og vináttuleiki þar sem börnin æfðu sig í sína hvort öðru vináttu. Það var lagt áherslu á fylgjast með leikfærni barnanna og styðja þau í samskiptum og þróun í leiknum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Jógastundir Vinsamleg snerting	Gera stundirnar markvissari og sýnilegri. Hafa	Unnið út frá niðurstöðum jóga og vinsamlegrar snertingar	Deildarstjóri ásamt starfsmönnum deildarinn	Haust 2019	vor 2020	Metið um jólin, hvernig stundirnar er uppbyggðar og hvort þær	Stundir uppsettar sem auðvelt er að grípa í og gefa góða mynd af þeirri færni sem við viljum sjá í



	stíganda í stundunum.	stundanna á fyrra ári og settar upp stundir sem eru aðgengilegar öllu starfsfólki.	ar sem framkvæma um stundirnar .			séu að nýtast starfsfólkinu.	jógastundunum (uppbygging, æfingar, slökun). Einnig léttar öndunaræfingar sem er hægt að grípa í með börnunum yfir daginn.
Leikskráningar	Að starfsfólk þjálfist í að skrá og meta leik barna út frá félagslegum þroska þeirra.	Finna leiðir til að gera skráningar þægilegar og aðgengilegar Setja í dagskipulag tíma fyrir hvern starfsmann til að æfa sig að skrá og vinna úr þeim.	Allir starfsmenn deildarinnar – deildarstjóri ábyrgður.	Haust 2019	vor 2020	Farið yfir skráningar á deildarfundum reglulega og þróað áfram. Umræða starfsfólks á því sem það hefur skráð og hvernig hægt er að styðja samskipti barnanna í leiknum.	Að hver starfsmaður geti skráð leik barnanna og rætt og metið þroska barnsins út frá þeim. Skráningar og umræður á deildafundum gefa vísbendingu um árangur. Dagbækur starfsfólks, þar sem það skráir hugsanir og atvik og samskipti barna í daglegum leik.
Samverustundir	Gera stundirnar markvissari og betur skipulagðari. Leita leiða til að efla áhuga barnanna á söng. Skipta þeim í minni hópa þannig að börnin njóti sín betur.	Unnið með niðurstöður mats á samverustundum frá fyrra ári.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Haust 2019	vor 2020	Metið um jólin, hvernig stundirnar er uppbyggðar og hvort þær séu að nýtast starfsfólkinu.	Áhugi og þátttaka barnanna í samveru- stunum
Læsi	Markvissari orðahljóð og orðagrunn. Leggja meira áherslu á Lubba.	Leikir og leikur að bókstöfum og orðum	Deildastjóri og starfsmenn	Haust 2019	vor 2020	Skipuleggja á ákveðnum tíma inn í starfið	Sjá betur áhersluþætti, sem þarf að leggja áherslu á með börnunum.
Frjáls leikur og leikþroski	Að auka áhuga og vitneskju starfsfólks um frjálsan leik og þann þroska sem börnin taka út þar.	Lestur á greinum, aukin samræða, skráning á leik.	Deildarstjóri	Haust 2019	vor 2020	Umræður á deildarfundum munu meta hvernig starfsfólki gengur að tileinka sér fræðin í	Að starfsfólkið beri virðingu fyrir leik barnanna og gefi honum rými. Að starfsfólkið styrkist í að fylgjast með í leik og sjá námið sem þar fer fram.



						kringum leikinn. Einnig verður kannað með samræðum á deildinni hvernig starfsfólkið er í frjálsa leiknum og hvernig samskipti þau hafa við börnin í leik.	
--	--	--	--	--	--	---	--



3 Ytra mat

Starfsmannakönnun fór fram í febrúar 2020 á vegum SFS. Kannanir síðastliðin tvö ár hafa sýnt fram á mikilvægi þess að stjórnendur geti sinnt sínu faglega hlutverki, upplýsingaflæði og að styrkja nýja starfsmenn í sínu starfi. Því var megináhersla síðasta árs á að styrkja innra starfið og skapa sameiginlega sýn starfsmanna, bæta upplýsingaflæði og bæta fræðslu og endurgjöf sem og að gæta jafnræðis meðal starfsmanna. Mikil áhersla var lögð á að deildar- teymis og deildastjórafundir héldu áætlun og tókst það mjög vel. Það sama átti við um undirbúningstíma og náðum við með bættu skipulagi að fleiri gátu fengið undirbúningstíma. Allir starfsmenn fengu starfsþróunarviðtal hjá leikskólastjóra miðjan febrúar. Niðurstöður úr starfsmannakönnun 2020 sýna fram á að markmiðum umbótaáætlunar hafi náðst að miklu leiti. Margir þættir könnunarinnar hækkuðu, nokkrir stóðu í stað en meðalskor lækkaði úr 4,48 í 4,33. Mesta hækkunin var í fræðslu og þjálfun, en mesta lækkunin í vinnuaðstaða, sveigjanleiki í starfi og móttaka nýliða. Áhyggjuefni er að nú mældist hvoru tveggja áreitni og einelti og merkti einn starfsmaður við þá þætti. Tveir merktu við að þeir hefðu orðið varir við fordóma.

Styrkleikar starfsmannahópsins liggja í starfsánægju og árangursríkum stjórnunarháttum með sterkum faglegum grunni sem hæfir og áhugasamir starfsmenn skapa í lærdómssamfélagi.

Áskoranir liggja í að viðhalda góðum árangri. Einnig að halda áfram að finna leiðir til að minnka álag, hraða með því að varast að bæta stöðugt nýjum verkefnum við heldur samþætta nýjar starfsaðferðir okkar áherslum. Hæfilegt vinnuálag og starfsmannastöðugleiki eru þeir þættir sem bæta má enn frekar og leggjum við vonir við að aðgerðir sveitafélagsins í þeim efnum hjálpi þar einnig til.

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Móttaka nýliða	Að nýliðar fái góðar móttökur og séu fljótari að komast inn í starfið	Upplýsinga bæklingur sendur áður en starfmaður hefur störf, viðtöl á 2. og 4. viku. eftirfylgd hjá aðstoðarleikskstj	Deildar- stjóri og aðstoða r- leikskóla stjóri	Þegar nýr starfsm hefur störf	Mánuði eftir að starfsm hefur störf	Skráning	Niðurstöður úr viðhorfs- könnun og ánægðari starfsmenn
Fordómar einelti	Að fordómar og einelti séu ekki hluti af menningu leikskólans	Fræðsla, umræða og aukin samskipti við starfsmenn.	Stjórn- endur	Haust	Vor	Leikskólastjóri styður starfsmenn ef samskipta- örðuleikar koma upp og ræðir um þennan þátt í starfsþróunar- viðtölum	Niðurstöður úr viðhorfs- könnun
Upplýsinga- flæði	Að auka upplýsinga- flæði	Hvetja starfsmenn til að fylgjast með á workplace, nýta tíma í undirbúningi til að kynna sér mál	Stjórn- endur	Haust	Vor	„kvitta“ fyrir lestur tilkynninga og fundargerða og að deildarstjórar skrái fundargerðir í bók og workplace	Niðurstöður úr viðhorfs- könnun
Vinnuaðstaða	Bæta vinnu- aðstöðu	Keyptar voru fartölvur og farsímar fyrir allar deildir. Tiltekt svo að starfsmenn viti hvað sé til	Leikskól a-stjóri	Haust	Vor	Viðræður við starfsmenn um vinnuaðstöðu og leita leiða í sameiningu til að bæta	Niðurstöður úr viðhorfs- könnun



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Formleg starfsþróunarsamtöl eru tekin einu sinni á ári og hófust þau um miðjan janúar og náðist að ljúka tveimur þriðju viðtala áður en verkfall Eflingar skall á í febrúar. Þau viðtöl sem eftir voru voru tekin þegar tækifæri gafst en allir starfsmenn fengu viðtal. Leikskólastjóri tók öll starfsþróunarviðtöl. Starfsmenn fengu afhent eyðublöð viku áður en viðtalið var tekið. Viðtalið hefst á því að farið er yfir það sem rætt var um árinu áður, hvað hefur gengið vel og hvað má bæta. Starfsmenn koma með óskir um starfsþróun og setja sér markmið fyrir næsta vetur. Önnur viðtöl eru tekin eftir aðstæðum í umhverfi leikskólans.

Símenntun fór að miklu leiti fram í formi fyrirlestra og námskeiða á skipulagsdögum en megináherslupættir þessa árs voru tengdir félagsfærni og skráningum. Á skipulagsdegi í september voru tveir deildarstjórar með fræðslu um skráningar á leik barna, unnið var að verkefninu Félagsfærni út í lífið. Í október var vinnu haldið áfram með Félagsfærni út í lífið ásamt skyndihjálpanámskeiði. Í nóvember fengum við námskeið frá Kvan um liðsheild og samskipti og sameinuðust allir leikskólarnir í hverfinu um það. Einnig var unnið að þróunarverkefninu. Í febrúar sóttu allir starfsmenn leikskólaráðstefnuna en þar hélt leikskólastjóri fyrirlestur um teymisvinnu í Reynisholti. Í mars var skipulagsdagur eins og á öllum leikskólum í Reykjavík en þá var leikskólinn sótthreinsaður og leikefni skipt upp svo hægt væri að taka á móti börnum í Covid 19. Ekki varð því af skipulagsdeginum sem átti að vera í mars en þá áttu að fara fram foreldraviðtöl. Sá dagur verður tekin í ágúst. Í maí var svo endurmat ásamt námskeiði frá Vöndu Sigurgeirsdóttur um vináttu og félagsfærni.

Leikskólastjóri var að hluta til í námsleyfi þennan vetur en hann var að vinna í lokaverkefni í framhaldsnámi í Stjórnun menntastofnanna við HÍ. Hann tók þátt í lærdómssamfélagi leikskólastjóra, stjórnendadeginum sem og námskeiðsdegi leikskólastjóra. Einnig fór leikskólastjóri á fund með barnavernd og er varaformaður Samtaka áhugafólks um skólaþróun.

Deildastjórar sjá um að fylla út símenntunarblað fyrir starfsmenn deildanna. Á árinu 2018 – 2019 fór fræðsla fram á skipulagsdögum ásamt því að margir sóttu utanaðkomandi námskeið. Fjórir starfsmenn sóttu námskeið í Vináttu og tveir starfsmenn fóru á tónlistarnámskeið Vináttu. Einn deildarstjóri sótti umræðuhóp MML, tveir deildarstjórar sótt námskeið hjá Kvan, deildarstjóri sótti námskeið í félagsfærni og sjálfsefningu og sérkennslustjóri sótti námskeið í Pecs. Einn starfsmaður sótti fagnámskeið 2 hjá Eflingu. Tveir starfsmenn tóku þátt í tónlistarnámskeiði á vegum faghóps um skapandi leikskólastarf.

Skipulagsdagar næsta árs verða sjö þar af einn sem við fluttum frá vorönninni. Í lok ágúst verður vinna við áherslur leikskólans haldið áfram með það að markmiði að endurskoða námskrá leikskólans. Í september verður unnið að skipulagi næsta vetrar út frá umbótaáætlun starfsáætlunar ásamt samstarfi við RannUng um innleiðingu menntastefnu. Í október verður unnið að verkefnum tengdum menntastefnu og samvinnuverkefni við RannUng. Í nóvember sameinast leikskólar hverfisins um fyrirlestur um mál og læsi. Í mars verða deildarstjórar með foreldraviðtöl og aðrir starfsmenn fá fyrirlestur um jafnrétti og forvarnir, stefnt er á námsferð erlendis í apríl og að lokum munum við taka þátt í menntastefnumóti 10. maí.



5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Sæmundarskóli er hverfisskóli Reynisholts og hefur samstarf verið að þróast alveg frá opnun leikskólans. Elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir yfir veturinn og kynnast umhverfi og starfsfólki skólans sem og að hitta gamla vini. Einnig hafa börn úr Sæmundarskóla heimsótt Reynisholt á Degi íslenskrar tungu, þar sem börn úr 7. bekk koma og lesa fyrir börn leikskólans. Þá hafa börn í 1. bekk heimsótt sinn gamla leikskóla einu sinni að vetri. Auk þess gátu börn úr unglingsdeild í Sæmundarskóla valið að verja einni klukkustund á viku til að vera með börnunum í leik og starfi en það er hluti af lífsleikninámi barnanna í Sæmundarskóla.

Leiðarljós í samstarfi milli skólanna er að samfella myndist á milli skólastiga og að gagnkvæmur skilningur á námi barna yrði meðal kennara. Fastir ábyrgðaraðilar hafa haldið utan um samstarfið, Elísabet deildarstjóri á Reynisholti og Elísabet í Sæmundarskóla sem hefur verið með fasta umsjónartíma fyrir þetta verkefni. Vikulegar heimsóknir voru í skólann meðal barna úr hverfisleikskólunum frá október til nóvember og janúar til febrúar þar sem unnin voru verkefni sem kennarar beggja skóla skipulögðu. Ekki voru heimsóknir í febrúar – apríl vegna verkfalls og Covid-19. Einnig féll vorskólinn niður. Undirbúningsfundur er að hausti þar sem farið er yfir dagskrá vetrarins en að vori frestaðist endurmatsfundur fram á haust.

Ekki var unnt að fá aðstöðu í Fjósínu fyrir elstu börnin yfir sumartímann þar sem svo mörg börn voru í sumarfrístund og einnig breyttust plön vegna elstu barna út af Covid-19. Til dæmis var ekki farið í ferðir í strætó heldur nærumhverfið nýtt þeim mun betur.

Áætlun síðastliðins vetrar má sjá í fylgiskjali 11.5

6 Foreldrasamvinna

Í leikskólanum starfar foreldraráð og foreldrafélag með sex fulltrúum foreldra. Kosið er í foreldraráð og foreldrafélag á foreldrafundi snemma að hausti. Fundur er haldinn með þeim aðilum sem buðu sig fram viku síðar og þeir skipta með sér verkum, tveir formenn, bæði foreldraráðs og foreldrafélags, gjaldkeri og ritari. Á haustfundi fá foreldrar einnig kynningu á starfsemi deildarinnar. Í foreldraráði eru þrír foreldrar, eftir áramót voru þeir tveir. Hlutverk foreldraráðs er að vinna sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla t.a.m. að halda utan um umsagnir vegna starfsáætlunar, námskrá, handbók og fleira sem allir aðilar í foreldraráði lesa yfir. Í foreldrafélagi eru þrír foreldrar. Foreldrafélag sér um skipulagningu sveitaferðar, jólafundurs sem og að hvetja foreldra til þátttöku í vinnukvöldi í Reynislundi. Foreldrafélagið hefur einnig haldið utan um að sækja um styrki fyrir viðhaldinu. Félag og ráð hafa fundað saman. Fyrsti fundur er eftir kosningu nýrra foreldra og kallað til fundar yfir veturinn þegar þurfa þykir. Samskipti fara að miklu leiti fram á Facebooksíðu foreldrafélags/ráðs.

Nýir foreldrar hafa verið boðaðir á kynningarfund að vori en vegna Covid var það ekki gert vorið 2020. Á öðrum degi í aðlögun hittir leikskólastjóri foreldra, fer yfir áherslur í leikskólastarfi og foreldrar fylla út dvalarsamning og önnur skjöl með deildarstjóra. Foreldrum er boðið að fá viðtal kjósi þeir það. Öllum nýjum foreldrum eru sendir bæklingar rafrænt varðandi mikilvægi þess að vinna með málþroska barnsins. Margir þessara bæklinga eru til á fleiri tungumálum og leggjum við sérstaka áherslu á að foreldrar hugi að móðurmáli sínu við barnið ef það er annað en íslenska. Að hausti er aðalfundur foreldrafélags þar sem reikningar eru lagðir fram til samþykktar og kosið í lausar stöður. Í kjölfarið eru



deildarstjórar með kynningu á vetrarstarfinu. Foreldraviðtöl eru í október og á skipulagsdegi í mars. Í október eru foreldrar boðaðir í viðtal á undirbúningstíma deildarstjóra og þar rætt um aðlögun og samtal um stöðu barnsins. Í mars eru deildarstjórar með viðtöl á skipulagsdegi og ræða þá við foreldra um þroskastöðu barnsins, niðurstöður úr skimunum ef þær eru fyrir hendi og samtal um líðan barns. Foreldrum er boðið upp á tulkapjónustu bæði á fundum, í viðtölum og í aðlögun. Tölvupóstur til foreldra með annað móðurmál en íslensku er oft bæði á íslensku og ensku, sérstaklega í upphafi til að auka líkur á að upplýsingar komist til skila.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar verða sjö, 28. ágúst, 18. september, 26. október, 18. nóvember, 19. mars 23. apríl og 10. maí. Sameiginlegir dagar með grunnskóla eru 26. október, 23. apríl og 10. maí. Sameiginlegur dagur með öllum leikskólum og tveimur grunnskólum er 18. nóvember.

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 – Dagskrá samstarfs við grunnskóla

Tengiliðir:

Elísabet frá Sæmundarskóla.

elisabet.gestsdottir@rvkskolar.is

Thelma frá Geislabaug -Fjallið

thelma.bjorgvinsdottir@rvkskolar.is

Þóra Dögg frá Geislabaug - Sólin

thora.dogg.gudmundsdottir@rvkskolar.is

Elísabet (Lísa) frá Reynisholti - Stjörnulundur

elisabet.armannsdottir@rvkskolar.is

Hrafnhildur frá Reynisholti

Elín Ósk frá Maríuborg -

elin.osk.gudmundsdottir@rvkskolar.is

Símanúmer

Sæmundarskóli 411-7848

Reynisholt 517-5560

Geislabaugur 411-3865

Maríuborg 577-1125

Fjöldi barna:

20 frá Reynisholti

16 frá Geislabaug

1 frá Maríuborg

? utan hverfis

Fjórir hópar:

Hópur 1: Geislabaugur

Hópur 2: Reynisholt +
Maríuborg

Hópur 3: Reynisholt

Tími:

Mánudagur milli klukkan 10:00-11:00 Leikskólabörn geta verið mætt fyrir á skólalóðina og verið í frímínútum með yngsta stiginu. Frímínútur eru frá 9:35-10:00. Börnin koma inn um inngang hjá íþróttahúsi og hengja af sér fötin þar. Kennslan fer fram á svæði 2. bekkjar (sem er svæðið í miðjunni). **ATH. dagssetningar með rauðu gætu breyst.**

26. ágúst - áætlun undirbúin

2. september - áætlun undirbúin

9. september - fundur í Sæmundarskóla með öllum sem koma að verkefninu

16. september – **Hópur 1** gengur um skóla með skólastjórnendum

23. september – **Hópur 2+3** ganga um skóla með skólastjórnendum

30. september - **Hópur 1** umræður og nafnspjald, undirbúið í word

7. október – **Hópur 2** umræður og nafnspjald, undirbúið í word



8. okt - kl 10:00- 11:00 1. Bekkur í Sæmundarskóla heimsækir gömlu leikskólana sína. Leikskólar skipuleggja og muna eftir ;). Kennarar í 1. bekk eru Elín Ósk og Elva Dóra – netföng á heimasíðu skólans. Ath. að börn sem komu utan hverfis koma líka í heimsókn á þessa hverfisleikskóla.

14. október – **Hópur 3** umræður og nafnspjald, undirbúið í word

21. október – **Hópur 1** - Skólabarnið

28. október – Vetrarleyfi í Sæmundarskóla

4. nóvember – **Hópur 2** - Skólabarnið

11. nóvember – Elísabet í leyfi, tími fellur niður

14. nóv kl 9:15- Dagur íslenskrar tungu er laugardaginn 16. nóv. Föstudagurinn 15. nóv er starfsdagur í hverfi og mánudagurinn 18. er einnig starfsdagur. **Því heimsækir 7. bekkur í Sæmundarskóla Reynisholt fimmtudaginn 14. nóv kl. 9:15** og lesa fyrir nemendur þar. Kennarar sem kenna 7. bekk íslensku eru Hulda Dögg Proppe, Eydís Hörn Hermannsdóttir og Álfheiður Ingólfssdóttir – netföng á heimasíðu.

18. nóvember – Starfsdagur í Sæmundarskóla, tími fellur niður

25. nóvember - **Hópur 3** Skólabarnið

2. desember – enginn tími

?? desember Helgileikur – nánari upplýsingar síðar – reyni að fá tíma í íþróttahúsinu eins og undanfarin ár. Öll börn á leikskólanum fædd árið 2014 eru velkomin á leikrit.

16. desember – **Jólafrí**

2020

6. janúar – **Hópur 1** Skólataskan

13. janúar – **Hópur 2** skólataskan

20. janúar – Starfsdagur í Sæmundarskóla, tími fellur niður

27. janúar - **Hópur 3** skólataskan

3. febrúar – **Hópur 1** nestisbox og brúsi

10. febrúar – **Hópur 2** nestisbox og brúsi

17. febrúar - **Hópur 3** nestisbox og brúsi

24. febrúar – **Hópur 1** Samvinnuverkefni – allir saman gera eina stóra manneskju.

2. mars – Vetrarleyfi í Sæmundarskóla, tími fellur niður

9. mars – **Hópur 2** Samvinnuverkefni – allir saman gera eina stóra manneskju

16. mars – **Hópur 3** Samvinnuverkefni – allir saman gera eina stóra manneskju.

23. mars – **Hópur 1** listgreinar, spjaldtölvur og borða í hádeginu og heimsókn í Fjósið

30. mars - **Hópur 2** listgreinar, spjaldtölvur og borða í hádeginu og heimsókn í Fjósið

6. apríl –13. apríl **Páskafri**

20. apríl – **Hópur 3** – listgreinar, spjaldtölvur og borða í hádeginu og heimsókn í Fjósið

27. apríl – **Hópur 1-** Íþróttahús, bókasafn + viðurkenning

4. maí – **Hópur 2 og 3** – Íþróttahús, bókasafn + viðurkenning

11. maí- FUNDUR ALLRA SEM KOMA AÐ VERKEFNINU EF VIÐ TELJUM AÐ ÞESS ÞURFI ;)

?? maí - Vorskóli – verðandi nemendur Sæmundarskóla eru boðaðir í skólann ásamt foreldrum sínum – skólinn sér um að bjóða – leikskólar hjálpa okkur að minna á.



8.2 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Reynisholts

Aðalheiður Stefánsdóttir
Leikskólastjóri

3.júlí 2020
Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021 Leikskólinn Reynisholt

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Klara Steinarsdóttir

Linda María Þorsteinsdóttir

Anna María Sighvatsdóttir (fyrir áramót)

21



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Í vetur hefur mikið reynt á starfsfólk og stjórnendur leikskólans, bæði vegna verkfalls og COVID-19. Er það upplifun foreldraráðs að stjórnendur og starfsmannahópurinn í heild sýndi mikinn sveigjanleika við krefjandi aðstæður og upplýsingagjöf var góð. Foreldraráð lýsir yfir ánægju sinni með að sjá að þrátt fyrir erfiðar aðstæður í samfélaginu sá starfsfólk sömuleiðis jákvæðar breytingar hjá mörgum börnum við minni hópastærðir og minnkað áreiti. Það er okkar von að næsti vetur muni ganga vel fyrir sig og að starfsfólk fái næði og rými til að vinna eftir settum markmiðum.

Að mati Foreldraráðs eru samskipti starfsfólks og foreldra mjög góð og við sem foreldrar upplifum gott aðgengi að deildarstjórum, starfsfólki og stjórnendum leikskólans. Foreldraráð hefur engar athugasemdir varðandi skóladagatal eða fyrirliggjandi dagskrá næsta vetrar. Foreldraráð lýsir ánægju



sinni varðandi starfsáætlun leikskólans í heild sinni og lýsir yfir ánægju sinni með allt starf sem og starfsfólk leikskólans. Við viljum undirstrika ánægju okkar með þróunarverkefni leikskólans, líkt og verkefnið Félagsfærni út í lífið sem var hluti af öllu starfinu og nýtti hlutbundnar skráningar á leik barna til að styðja við jákvæð samskipti milli barnanna og skerpir sýn starfsfólks á getu, styrkleika og færni nemendanna.





Skóladagatal Reynisholts 2020-2021

Þátttaka foreldra

Þemavinna

Hátíðir

Leikskóli lokaður

Almennur frídagur

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ									
1	L			1	F	1	S	1	Þ	fullveldis-dagurinn	1	F	Nýarsdagur	1	M		1	F	Skirdagur	1	L	verkalyös-dagurinn	1	Þ		1	F				
2	S			2	M			2	M		2	L		2	Þ		2	F	Föstud. langi	2	S		2	M		2	F				
3	M	Frídagur versl		3	F			3	F	Jólastund í Reynisholti	3	S		3	M		3	L		3	M		3	F		3	L				
4	Þ			4	F			4	F		4	M	Þrettándinn	4	F	Dagur leiksk	4	F	Páskadagur	4	Þ		4	F	skólaslit grsk	4	S				
5	M			5	L			5	F		5	Þ		5	F		5	M	Annar í Páskum	5	M		5	L		5	M				
6	F	Leikskóli opnar		6	S	Dagur læsis		6	F	Baráttudagur gegn einelti	6	S		6	M		6	L		6	Þ		6	F		6	S	Sjómennad	6	Þ	
7	F			7	M	Sólblómavika		7	L		7	M		7	F		7	S		7	M		7	F		7	M	Sumarlökun			
8	L			8	Þ			8	F		8	S		8	M		8	F		8	L		8	Þ		8	F				
9	S			9	M			9	F		9	M		9	L		9	Þ		9	S		9	M		9	F				
10	M			10	F			10	L		10	Þ	Ömmu og afa kaffi	10	F	Jóla-skemmtun	10	S		10	M	Mennta-stefnumót	10	F		10	L				
11	Þ			11	F			11	S		11	M		11	F		11	M		11	F		11	S		11	F				
12	M			12	L			12	M	Foreldravíðtöl	12	F		12	Þ		12	F		12	M	Sveitiferð	12	L		12	M				
13	F			13	S			13	Þ	Foreldravíðtöl	13	F		13	M		13	L		13	Þ	Uppstigningadagur	13	S		13	Þ				
14	F			14	M	Dagur isl. náttúru		14	M	Foreldravíðtöl	14	L		14	F		14	S		14	M		14	F		14	M				
15	L			15	Þ			15	F	Foreldravíðtöl	15	S	Jóla-leikrit	15	F		15	M	Bolludagur	15	M		15	F		15	L				
16	S			16	M			16	F	Foreldravíðtöl	16	M	Dagur isl.tungu	16	L		16	Þ	Sprengidagur	16	Þ		16	F		16	S				
17	M			17	F			17	L		17	Þ		17	F		17	S	Öskudagur	17	M		17	L		17	F	Lýðveldis-dagurinn			
18	Þ			18	F	Skipulagsd vetrarstarf		18	S		18	M	Skipulagsd	18	F		18	M		18	F		18	Þ		18	F				
19	M			19	L			19	M		19	F		19	L	Konukaffi	19	Þ	Skipulagsd foreldravíðtöl	19	M		19	M	Útskrifarferð	19	L				
20	F			20	S			20	Þ		20	F		20	M		20	L		20	Þ	Barnameningarhá	20	F		20	S				
21	F			21	M	Jóga og snertivika		21	M		21	L		21	F		21	S	Konudagur	21	S		21	M		21	M				
22	L			22	Þ			22	F	vetrarleyfi grunnskóla	22	S		22	Þ	Þorlaks-messa	22	F	Böndadagur-Böndakaffi	22	M		22	M	Sumardagurinn fyrsti	22	L				
23	S			23	M	Aðalf. for fél.		23	F	vetrarleyfi grunnskóla	23	M		23	L		23	Þ		23	Þ	Skipulagsd Námserð?	23	S	Hvítá-sunnudagur	23	M				
24	M	Skólaásetning grunnskóla		24	F			24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Jóladagur	24	S		24	M		24	L	Barnamen.hátíð	24	M	Annar í hvítasunnu	24	F	
25	Þ			25	F	Tungumáladagurinn		25	S		25	M		25	F	Annar í jólum	25	M		25	F		25	S	Barnam.hátíð	25	Þ				
26	M			26	L			26	M	Skipulagsd fræðsla vl	26	F		26	L		26	Þ		26	F		26	M		26	L				
27	F			27	S			27	Þ		27	F		27	M		27	L		27	Þ	Ópið hús	27	F		27	S				
28	F	Skipulagsd áherslur leiksk		28	M			28	M		28	L		28	F		28	S		28	M		28	M	Útskrift	28	M				
29	L			29	Þ			29	F		29	S		29	L		29	Þ		29	M		29	F		29	L				
30	S			30	M			30	F	Afmælishátíð Reynisholts	30	M		30	L		30	Þ		30	F		30	S		30	M				
31	M			31	L			31	F	Gamlársdagur	31	M		31	L		31	Þ		31	M		31	M		31	L				

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu virka daga til tuttugu virka daga. Stefna SFS er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík. **Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.**

